

# Fundarboð

## hluthafafundar Dýralífs ehf.

Skilanefnd einkahlutafélagsins Dýralíf ehf., kt. 560503-2290 (hér eftir „félagið“) boðar hér með til hluthafafundar sem haldinn verður:

**Dags.:** 13. desember 2023.

**Tími:** 11:00.

**Staðsetning:** Lyngási 12, 700 Egilstöðum og á Microsoft Teams.

Fundurinn verður blandaður, þ.e. hluthafar geta annað hvort tekið þátt með mætingu í persónu eða með aðstoð rafrænna miðla. Nánari upplýsingar um þátttöku með rafrænum hætti er að finna hér á eftir.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

### 1. Dagskrá

- Umfjöllun um lokareikninga félagsins
- Umræða um tilboð í hluti félagið
- Umfjöllun um að taka starfsemi félagsins upp að nýju
  - Kosning nýrrar stjórnar félagsins
  - Lækkun hlutafjár til jöfnunar á tapi
- Umfjöllun um frumvarp til úthlutunar
- Önnur mál

### 2. Umboð

Hluthafar geta falið umboðsmanni að mæta fyrir sig og greiða atkvæði á fundinum. Umboðsmenn skulu leggja fram skrifleg, dagsett og undirrituð umboð. Hægt er að leggja fram undirrituð umboð á fundinum sjálfum eða með því að senda þau í tölvupósti á netfangið magnusjonsson@kpmg.is.

### 3. Rafræn þátttaka

Hluthafar sem ekki eiga kost á því að mæta í eigin persónu, geta tekið þátt á fundinum í gegnum Microsoft Teams. Hlekkur á fundinn verður sendur út til allra hluthafa, ásamt leiðbeiningum um hvernig hluthafar geta tekið þátt og greitt atkvæði. Hluthafar sem taka þátt með þessum hætti munu geta tekið til máls og greitt atkvæði á fundinum, rétt eins og þeir sem mæta í persónu.

### 4. Aðrar upplýsingar

Dagskrá fundarins, tilboð í hluti félagsins, lokareikningur og frumvarp til úthlutunar mun liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir fundinn. Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

Egilsstaðir, 29. nóvember 2023.

F.h. skilanefndar félagsins,

Magnús Jónsson, löggiltur endurskoðandi og skilanefndarmaður